



Heimssýn

Hreyfing  
sjálfstæðissinna  
í Evrópumálum

„Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum, eru þverpólitísk samtök þeirra sem telja hagsmunum Íslendinga best borgið með því að halda áfram að vera sjálfstæð þjóð utan Evrópusambandsins.“


# Landbúnaður og sjávarútvegur í mestri hættu

Með aðild að ESB yrðu tveir atvinnuvegir landsmanna í mestri hættu, þ. e. landbúnaður og sjávarútvegur.

„Bændur myndu strax finna fyrir því á eigin skinni þegar óheftur innflutningur á tollfrjálsum erlendum búvörum flæddi inn í landið en áhrifin kæmu ekki síður fram í stórauðnu atvinnuleysi í þéttbýlisstöðum sem byggja afkomu sína á úrvinnslu búvara. Lengri tími myndi líða þar til áhrifin á sjávarútveg og fiskvinnslu kæmu í ljós en þau gætu þó orðið enn þungbærari fyrir þjóðarbúið. Þessar staðreyndir blasa við okkur út frá þeim meginreglum sem ESB fylgir og minna okkur á að ESB-aðild yrði einkum þungt högg fyrir hinar dreifðu byggðir landsins,“ segir Ragnar Arnalds formaður Heimssýnar.

Bent hefur verið á að í nær öllum skoðanakönnunum á þessu ári hafi meiri hluti þjóðarinnar lýst sig andvígum aðild og því sé þess að vænta að landsmenn hafni aðildarsamningi í þjóðaratkvæði þegar á reynir. Ragnar segir að valt sé að treysta á niðurstöður skoðanakannanna.

„Öll dagblöðin reka áróður fyrir ESB-aðild og fréttarflutningur og fræðsluþættir í útvarpi og sjónvarpi mótast mjög af málflutningi ESB-sinna. Dæmi um þessa hlutdrægni mátti heyra nú í ágústmánuði í fréttum af afstöðu finnskra bænda til ESB-aðildar. Óspart var gefið í skyn að þeir væru ánægðir með sinn hlut. En jafnframt var sagt frá því nánast í framhjálaupi að mjög mikil fækkun starfa hefði átt sér stað í finnskum landbúnaði í kjölfar ESB-aðildar. Hlutskipti tugþúsunda manna sem hróktust frá búskapi skipti minnstu máli í þessum fréttum en hitt var gert að aðalatriði að þeir sem eftir sætu með allan búreksturinn í sínum höndum væru taldir fremur ánægðir með sitt enda gætu þeir selt afurðir sínar til Rússlands sem ekki er í ESB,“ segir Ragnar.



Staðreyndin er sú að víðast hvar hefur áróðursvél ESB-sinna megnað í krafti auðmagns og með ESB að bakhjarli að mola niður þá miklu andstöðu sem víða hefur verið í ríkjum sem sótt hafa um aðild. Að þessu leyti eru Norðmenn alger undantekning því að þeir hafa tvívegis hafnað ESB-aðild á seinustu stundu, segir Ragnar Arnalds, formaður Heimssýnar.

Hann minnir á að framkvæmdastjórn ESB eyðir mjög miklum fjárhæðum árlega til að hafa áhrif á almenningsálitið í aðildarríkjum, svo og í ríkjum sem sækja um aðild. Bent hefur verið á að áróðurskostnaður ESB nemi hærri fjárhæðum árlega en Coca Cola ver til auglýsingastarfsemi víðs vegar um heim, en það fyrirtæki rekur stífari áróður fyrir fram-

leiðslu sinni en flest önnur. Það verði því á brattan að sækja þegar að því kemur að Íslendingum gefst kostur á því á lokastigi að stöðva það inngönguferli sem nú er að hefjast með því að yta á neyðarhappinn í þjóðaratkvæðagreiðslu. „Staðreyndin er sú að víðast hvar hefur áróðursvél ESB-sinna megnað í krafti auðmagns og með ESB að bakhjarli að mola niður þá miklu andstöðu sem víða hefur verið í ríkjum sem sótt hafa um aðild. Að þessu leyti eru Norðmenn alger undantekning því að þeir hafa tvívegis hafnað ESB-aðild á seinustu stundu.“

Hvernig tókst þeim að standa af sér þann gríðarlega þrýsting sem á þá var lagður?

„Þar eins og hér voru fjölmíðlar mjög hlutdrægir í þágu ESB-sinna og við ramman reip var að draga því að forystuliðið í alþýðusambandi og vinnuveitendasamtökum tók einnig fullan þátt í að syngja ESB-aðild lof og dýrd. En það sem gerðist var að fólkið í landbúnaði og sjávarútvegi, bændur, launafolk og atvinnurekendur í hinum dreifðu byggðum

landsins, lét ekki beygja sig heldur fylkti sér gegn aðild með svo yfirgnæfandi meirihluta að þótt höfuðborgarsvæðið væri fremur hallt undir aðild dugði það ekki til. Þeir sem lögðu áherslu á að verja stöðu landbúnaðar og sjávarútvegs réðu úrslitum,“ segir Ragnar.

Ekki er ólíklegt að hliðstæð staða gæti komið upp hér á landi. Ef nógu margir sem gera sér fulla grein fyrir mikilvægi landbúnaðar og sjávarútvegs gerast þátttakendur í þeirri baráttu sem nú er framundan með yfirlýstum stuðningi og fjárframlögum og þá ekki síður á þann hátt að sem flestir kynni sér rækilega meginrök málsins og taki virkan þátt í umræðum á mannamótum þar sem ESB-aðild ber á góma, þá gæti það ráðið úrslitum.

„Hér gildir sem oftast að margt smátt gerir eitt stórt. Rökin gegn aðild eru sannfærandi og sterk og duga vel ef fólk á þess kost að átta sig á þeim í því áróðursmoldviðri fyrir ESB sem nú gengur yfir,“ segir Ragnar Arnalds formaður Heimssýnar.

## Meirihluti Íslendinga andvígur aðild að Evrópusambandinu

Samkvæmt skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði fyrir útgáfufélagið Andriki eru 48,5% Íslendinga andvíg inngöngu í Evrópusambandið en 34,7% henni hlynnt. 16,9% sögðust ekki hafa tekið afstöðu til málsins. Sé aðeins miðað við þá sem tóku afstöðu eru 58,3% andsnúin inngöngu en 41,7% henni fylgjandi.

Síðast voru birtar niðurstöður sambærilegrar könnunar í byrjun maí sl. þegar Capacent Gallup kannaði afstöðu landsmanna fyrir Ríkisútvarpið. Þá voru 38,7% á móti inngöngu en 39% studdu hana. Samkvæmt því hefur stuðningur við inngöngu dregist saman um

rúm 4% en andstaðan hefur að sama skapi aukist um tæp 10%.

Einnig var spurt að þessu sinni um afstöðu til þjóðaratkvæðis vegna umsóknar um inngöngu í Evrópusambandið og sögðust 60,9% vilja slíka atkvæðagreiðslu en 29,2% voru því andvíg. 9,9% tóku ekki afstöðu. Þetta er í samræmi við fyrri kannanir um sama efni. Mikill meirihluti vill slíka atkvæðagreiðslu þó ríkisstjómin hafi hafnað því. Skoðanakönnunin var gerð dagana 16. til 27. júlí sl., úrtakið var 1273 manns og svarhlutfallið 56,3%.

Ríkisstjómin ákvað með naumum meirihluta á Alþingi þann 16. júlí að sækja um inngöngu.

Völd litlu ríkjanna fara minnkandi

„Það þarf engan snilling til að sjá að 3 atkvæði af 350 í ráðherraráðinu vigta ekki mikið í ESB.“

Ísland fengi 3 atkvæði af 350 í ráðherraráðum þar sem mikilvægustu ákvarðanirnar eru teknar - og 5 atkvæði af 750 á ESB þinginu í Brussel. Því minni sem þjóðin er, því meiri er skerðing sjálfstæðis. Ísland yrði líklega eins og hreppur á jafri stórríkisins.

Brynja Björg Halldórsdóttir, formaður UVG á höfuðborgarsvæðinu.

Ertu sammála? Skráðu þig á heimssyn.is

Útgefandi: Heimssýn, hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Páll Vilhjálmsson. Prentun: Landsprent

## Ísland og Evrópusambandið

Í stjórnmálasögu lýðveldisins er aðeins eitt mál sem kemst í hálfkvisti við umræðuna um aðild landsins að Evrópusambandinu og það er herstöðvamálið og innganga Íslands í Nato um miðbik síðustu aldar.

Það er ábyrgðarhluti að efna til innanlandsófríðar um uttanríkismál og smáþjóð er það sérlega hættulegt. Það liggur í hlutarins eðli að sjálfstæði og fullveldi er smáþjóðum viðkvæmara en stórþjóðum.

Grundvallarbreytingar í uttanríkismálum þjóða, hvort heldur stórra eða smárra, gerast einkum með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með átökum, stríði eða annars konar hagsmunabaráttu, og í öðru lagi með hægfarengum langtímaþróun. Afstöðu Íslendinga til aðildar að Evrópusambandinu verður að meta út frá seinna sjónarhorninu, hægfarengum langtímaþróun.

Sjálfstæðisbaráttan er samofin stjórnmálum og varðveislu íslenskrar menningar síðustu 150 árin. Markmið sjálfstæðisbaráttunnar var fullt forræði Íslendinga í eigin málum. Í áföngum tókst að ná markmiðinu og nærtækt að líta svo á að síðasti stóri áfanginn hafi verið útfærsla landhelginnar í 200 mílur á áttunda áratugnum.

Á meðan Íslendingar sóttust eftir sjálfsforræði varð til málamiðlun á meginlandi Evrópu um að framselja forræði í lykilmálum þjóðríkja til yfirþjóðlegs valds. Tvær heimsstyrjaldir, báðar með upptök í Evrópu, leiddu stórþjóðirnar Frakka og Þjóðverja að þessari niðurstöðu og nágrennaþjóðir létu til leiðast. Kola- og stálbandalagið var undanfari Evrópusambandsins en kol og stál voru ein mikilvægustu hráefni stríðsrekstrar. Með sameiginlegu forræði yfir auðindum ætluðu meginlandsríkin að draga úr innbyrðis átökum.

Evrópusambandið er málamiðlun meginlandsþjóða álfunnar. Sambandið er einnig orðið valdandi stöð þangað sem þjóðir leita skjóls frá voldugum nágrönum, Írar gagnvart Bretum og Finnar frá Rússum. Þjóðir sem liggja ekki nærri áttak asvæðum álfunnar eru með margvíslega fyrirvara á samstarfinu. Bretar hafa ekki tekið upp evru, Írar felldu Lissabonsáttmálann, Svíar og Danir höfnuðu gjaldmiðla-samstarfi og svo má áfram telja. Jaðarþjóðir Evrópu eru af sögulegum og landfræðilegum ástæðum tregar til málamiðlana sem kjarnaþjóðirnar hafa talið nauðsynlegar.

Ísland er bæði hvað sögu og landafræði varðar á annarri siglingu en Evrópa meginlandsins. Ef við nánast upp úr þurru gerbreytum uttanríkisstefnu okkar til að ganga í Evrópusambandið köstum við hugsunar-laust fyrir róða stefnumiðum sem hafa dugað öldum saman.



Nær allir bændur í Noregi eru mótfallnir inngöngu. Þeir vita sem er að Norðmenn myndu fá tvö prósent atkvæðanna í ráðherraráðinu og 13 þingmenn af 745 í Evrópuþinginu," segir Berit Hundála stjórnarmaður í norsku bændasamtökunum, Noregs Bondelag sem nýlega heimsótti Ísland. Hér er hún við Barnafossa. Maðurinn í gulu peysunni í bakgrunnum er Lars Göran formaður sænsku bændasamtakanna.

# ESB-aðild myndi eyðileggja landsbyggðina

Ef Noregur yrði aðili að Evrópusambandinu myndu niðurgreiddar matvörur frá meginlandi Evrópu fljótlega eyðileggja búsetuskilyrðin á landsbyggðinni. Þetta segir Berit Hundála stjórnarmaður í norsku bændasamtökunum, Noregs Bondelag.

Berit er sauðfjárbóndi og stundar jafnframt skógarnytjar. „Landbúnaðarstefna ESB miðar að stærri búum og viðskiptum án landamæra. Um 80 prósent af landbúnaðarstyrkjum ESB fer til fimmtungs bænda í Evrópusambandslöndunum," segir Berit.

Í Noregi er landbúnaðarstefnan samþætту byggðamálum. Markmiðið er að tryggja fjölbreytileika í byggðum landsins. Í gildi eru jafnframt stífar reglur um innflutning á kjöti, til að verjast dýrasjúkdómum. Við inngöngu, segir Berit, myndi tollvernd hverfa jafnframt því sem samevrópskar reglur um stuðning við landbúnað myndu ryðja úr vegi innlendum reglum. „Það yrði ómögulegt að viðhalda landbúnaði í núverandi mynd, ef við færum inn í Evrópusambandið," segir Berit.

„Nær allir bændur í Noregi eru mótfallnir inngöngu. Þeir vita sem er að Norðmenn myndu fá tvö prósent atkvæðanna í ráðherraráðinu og 13 þingmenn af 745 í Evrópuþinginu," segir hún.

Þingkosningar eru í Noregi í haust. Berit telur nánast útilokað að umræða um aðild komist á dagskrá næsta kjörtímabil. Núverandi vinstri stjórn mun ekki sækja um og stærsti flokkurinn á hægri vængnum, Framfaraflokkurinn, er mjög gagnrýnn á aðild.

## Heimssýn þakkar eftirtöldum stuðninginn:

Búnaðarsamband Austurlands

Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu

Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Búnaðarsamband Kjalarnesþings

Búnaðarsamband Húnaþings – og Stranda

Búnaðarsamband Skagfirðinga

Búnaðarsamband Suðurlands

Búnaðarsamband S-Þingeyinga

Búnaðarsamband N-Þingeyinga

Búnaðarsamband Vestfjarða

Búnaðarsamtök Vesturlands

# Tillagan og atkvæðin

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skal ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í álit meiri hluta uttanríkisráðgjafar.

Atkvæðagreiðsla á Alþingi 16. júlí 2009. Alls greiddu 33 atkvæði með tillögunni, 28 greiddu atkvæði gegn og 2 þingmenn sátu hjá.

### Já sögðu:

#### Samfylkingin

Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Valgerður Bjarnadóttir, Steinunn Valdíis Óskarsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Skúli Helgason, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Ámi Páll Árnason, Katrín Júlíusdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Magnús Orri Schram, Björgvin G. Sigurðsson, Oddný Guðbjörg Harðardóttir, Róbert Marshall, Kristján Möller, Guðbjartur Hannesson, Ólína Þorvarðardóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir.

#### Vinstri græn

Ámi Þór Sigurðsson, Álfheiður Ingadóttir, Svandís Svavarsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Ögmundur Jónasson, Steingrímur J. Sigfússon, Bjarkar Gunnarsdóttir, Katrín Jakobsdóttir.

#### Sjálfstæðisflokkur

Ragnheiður Rikharðsdóttir.

#### Framsóknarflokkur

Siv Friðleifsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Guðmundur Steingrímsson.

#### Borgarahreyfingin

Þráinn Bertelsson.

### Nei sögðu:

#### Sjálfstæðisflokkur

Illugi Gunnarsson, Pétur H. Blöndal, Ólöf Nordal, Birgir Árnannsson, Bjarni Benediktsson, Jón Gunnarsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Ámi Johnsen, Unnur Brá Konráðsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Tryggvi Þór Herbertsson, Ásbjörn Óttarsson, Einar K. Guðfinnsson og Guðlaugur Þór Þórðarson.

#### Vinstri græn

Atli Gíslason, Þuríður Backman, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Jón Bjarnason.

#### Framsóknarflokkur

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Vigdís Hauksdóttir, Eygló Harðardóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigurður Ingi Jóhannsson.

#### Borgarahreyfingin

Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir.

### Sátu hjá:

#### Sjálfstæðisflokkur

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

#### Vinstri græn

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir

# Verðum að virkja sem flesta í baráttunni

„Starf Heimssýnar væri ekki mögulegt án þátttöku sjálfboðaliða og fjárstyrkja frá einstaklingum og fyrirtækjum. Styrkirnar hafa verið nýttir til að standa straum af birtingu auglýsinga, prentun á kynningarefni, rekstur skrifstofu og gerð skoðanakannana,“ segir Frosti Sigurjónsson framkvæmdastjóri hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Dohop ehf. en hann fer fyrir sérstökum stuðningshópi Heimssýnar.

Frosti kom til liðs við Heimssýn fyrr á árinu. „Ég bjó í sjö ár í Evrópu, bæði Englandi og Frakklandi, og hef því kynnst sambandinu ágætlega. Aðstæður á Íslandi eru mjög ólíkar aðstæðum Evrópuþjóða almennt. Ég er sannfærður um að framtíð landsins sé best borgið utan ESB.“ Hann segir Heimssýn hafa höfðað til sín sem þverpólítísk samtök þeirra sem telja hagsmunum Íslendinga best borgið með því að halda áfram að vera sjálfstæð þjóð utan Evrópusambandsins.

Heimssýn var stofnuð þann 27. júní 2002 og hefur síðan tekið virkan þátt í málefnalegri umræðu um Evrópu- og alþjóðasamstarf. Áhersla hefur verið lögð á að kynna kosti þess að horfa til alls heimsins eftir frjálsum og friðsamlegum samskiptum, viðskiptum og samvinnu á jafnréttisgrundvelli í stað þess að einblína á afmarkaðan hluta hans.

Mikilvægur hluti af starfsemi felst í því að miðla upplýsingum og fréttum um Evrópusambandið og kynna sjónarmið samtakana

meðal almennings og stjórnvalda. Vefsíða okkar er [www.heimssyn.is](http://www.heimssyn.is) og þar má finna mikið úrval af greinum, bæklingum, fróðleik og fréttum sem tengjast ESB en Heimssýn heldur líka úti vefsíðum á Smettiskrúddu (Facebook) og á [heimssyn.blog.is](http://heimssyn.blog.is).

Gallup framkvæmdi skoðanakannanir fyrir Heimssýn í júní sem sýndu fram á almenna og vaxandi andstöðu við inngöngu í ESB. Einnig kom í ljós að yfirgnæfandi meirihluti vildi að aðildarviðræður yrðu ekki hafnar án þjóðaratkvæðagreiðslu. Niðurstöðurnar voru kynntar í fjölmiðlum, alþingismönnum og utanríkis-málanefnd Alþingis.

Gefinn var út bæklingur um 12 ástæður til að ganga ekki í ESB og sent var bréf til þingmanna um hvers vegna væri ekki skynsamlegt að ganga til aðildarviðræðna. Einnig var lagt í auglýsingaherferð þar sem einstaklingar komu fram og báru fram málefna- legar röksemdir gegn aðildarumsókn að ESB.

Heimssýn hefur verið í sambandi við erlend



**Skráning í Heimssýn er opin öllum sem telja hagsmunum Íslendinga best borgið með því að halda áfram að vera sjálfstæð þjóð utan Evrópusambandsins. Engar skyldur eru lagðar á félagsmenn, fjárhagslegar né aðrar. Framlög eru og verða valfrjáls, segir Frosti Sigurjónsson framkvæmdastjóri hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Dohop ehf en hann fer fyrir sérstökum stuðningshópi Heimssýnar.**

samtök sem berjast fyrir auknu sjálfstæði Evrópuþjóða. Í maí komu gestir frá norsku „Nei til EU“ samtökunum í heimsókn. Haldinn var opinn fundur þar sem Norðmennirnir sögðu frá reynslu þeirra af aðildarviðræðum við ESB og svöruðu spurningum þátttakenda. Í júní komu svo gestir frá skosku sjómanna- samtökunum á opinn fund og vöruðu eindregið við þeirri hættu sem íslenskum sjávarútvegi er búin verði Ísland aðili að ESB. Erlendar fréttastofur hafa einnig leitað umsagnar hjá Heimssýn í ESB málum.

„Núna er eitt mikilvægasta verkefni Heimssýnar er að afla fleiri félagsmanna. Því fleiri sem við erum því meira tillit verður tekið til okkar sjónarmiða auk þess sem fleiri hendur vinna létt verk. Félögum hefur verið fjölgandi undanfarið og eru þeir nú orðnir rúmlega eitt þúsund.

Skráning í Heimssýn er opin öllum sem telja hagsmunum Íslendinga best borgið með því að halda áfram að vera sjálfstæð þjóð utan Evrópusambandsins. Engar skyldur eru lagðar á félagsmenn, fjárhagslegar né aðrar. Framlög eru og verða valfrjáls.

Hægt er að skrá sig á vefsíðunni [www.heimssyn.is](http://www.heimssyn.is) og ég hvet alla til að skrá sig sem fyrst,“ segir Frosti.

## Skiptir matvælaöryggi máli?

Orðið matvælaöryggi er í íslensku máli notað yfir tvennt, ekki óskilt þó: Annars vegar yfir þá viðleitni að tryggja að matvæli séu örugg til neyslu og hins vegar að þjóðir eða einstök svæði eigi jafnan möguleika á að brauðfæða sig, einnig á erfiðleika- og stríðstímum. Síðarnefnda merkingin er sú sem hér er til umfjöllunar.

Fyrir októbermánuð 2008 hafa líklegast fáir af yngri kynslóð Íslendinga leitt hugann að gildi þess að eiga í landinu nægar matarbirgðir handa þjóðinni. Vöruskorturinn sem örlaði á í þeim mánuði og hinum næsta var því þörf lexía og æ síðan hefur verið nokkur skilningur á þessum gleymda sannleika. Kynslóðir sem muna skort og skömmtun þurfti ekki að minna á þennan veruleika. Þessar höfðu haustvikur í fyrra vorum við eftirminnilega minnt á að án greiðs aðgangs að gjaldeyri og mörkuðum er varasamt að treysta á innflutning matvæla – að minnsta kosti ekki í sama mæli og gert hefur verið seinustu áratugina. Eftir þessa stuttu kennslustund hefur sjálfsbjargarviðleitni fólks aukist og skilningur á því að skortur á matvælum er ekki aðeins hlutskipti fátækra þjóða heldur einnig ríkra, útskúfaðra og skuldugra þjóða. Umræða um íslensk matvæli og landbúnað hefur verið meiri en mig rekur minni til og margir hafa lýst því yfir að þeir vilji styðja íslenska landbúnaðarframleiðslu. Einnig hefur áhugi á matjurtaræktun stóraukist. Því skýtur skökku við að vera á sama tíma að sækja um aðild að Evrópusambandinu, því enginn vafi leikur á því að yrði aðild samþykkt myndi það leika íslenskan landbúnað grátt og þar með gera Ísland enn háðara innflutningi á matvöru en nú er.

### Maðkað mjöl eða gæsalifur og franskir ostar

Það er að vísu mjög „2007“ að vilja helst hafa á borðum sínum fasana, franska osta og gæsalifurkæfu. Þó eru ekki mörg misseri síðan aðgangur að fokdýrri munaðarvöru var talinn til sjálfsagðra mannréttinda, sem voru að vísu aðeins réttindi hinna ríku. Á sama tíma og enn frekar nú þegar krepptur er á að leysa vanda heimilanna með því að bjóða upp á ódýrt innflutt kjöt, pakkavöru og pítsur. Unnendur ESB-aðildar láta sér í léttu rúmi liggja þótt heilu búgreinar leggast af verði aðild að Evrópusambandinu að veruleika.

Fáir velkjast í vafa um að búgreinar á borð við svínarækt myndi leggjast af á Íslandi við aðild og margir óttast að sama máli gæti gegnt um sauðfjárbúskap og fleiri búgreinar sem eru hornsteinn íslenskrar landbúnaðarframleiðslu. Ef við yrðum á skömmum tíma algerlega upp á aðra komin um öflun innflutning matvöru – eins og vel er mögulegt – þyrftum við kannski að átta okkur á því sem sagan kennir okkar: Það hafa verið flutt inn fleiri matvæli frá Evrópu en gæsalifur og ódýrar pítsur – einokun seljanda hefur líka fært okkur Íslendingum maðkað mjöl til matar. Í nútímaútfærslu yrði „maðkaða mjölið“ sennilega frekar matvara með óæskilegum aukefnum og óholl iðnaðarvara. Einokun getur byggst upp með margvíslegum hætti og ekki bundin við Hörmangara fortíðarinnar. Einokun stórra, sterkra fjölþjóðlegra verslunarkeðja sem kæfa alla smærri samkeppnisaðila er síst betri en einokun fyrri alda.

### Ábyrgð gagnvart umhverfinu

Með vaxandi vitund um umhverfismál hefur verið öflug

hreyfing í heiminum sem hvetur til þess að fólk neyti í vaxandi mæli fæðu sem framleidd er nálægt heimili þess. Þessu ráða í og með heilsufarssjónarmið. Það þykir ákjósanlegt að hafa aðgang að sem ferskastrí fæðu. En ekki síður ráða hér umhverfissjónarmið. Hver ekinn, sigldur og floginn kílómetri með matvöru fram og til baka eins og nú viðgengst gengur á eldsneytisbirgðir heimsins, mengar andrúmsloftið og eykur magn gróðurhúsalofttegunda. Sjálfbær þróun, eins og hún var kynnt í Brundtland-skýrslunni 1987, tekur ekki síst til matvælaframleiðslu og hvetur til þess að neyta fæðu úr nánasta umhverfi í sem allra ríkustum mæli. Við Íslendingar erum svo lánsamir að hafa – ennþá – aðgang að ferskum fiski, kjöti og garðávöxtum úr okkar nærumhverfi. Ef við glötuðum yfirráðum yfir fiskimiðunum og leyfðum ofstyrktum Evrópusambandslandbúnaði að kæfa okkar eigin landbúnað, myndum við stíga risastórt skref aftur á bak í umhverfismálum, heilsufarsmálum og sjálfstæðismálum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

**Ef við glötuðum yfirráðum yfir fiskimiðunum og leyfðum ofstyrktum Evrópusambandslandbúnaði að kæfa okkar eigin landbúnað, myndum við stíga risastórt skref aftur á bak í umhverfismálum, heilsufarsmálum og sjálfstæðismálum.**



# 12

# ÁSTÆÐUR TIL AÐ HAFNA EVRÓPUSAMBANDS AÐILD

Skráning er  
á vefsíðunni  
[www.  
heimssyn.is](http://www.heimssyn.is)

## 1 Fullveldisframsal

Með aðild að ESB færast vald yfir veigamiklum þáttum fullveldis okkar til Brussel. Dæmi: 1) yfirráðin yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu; 2) rétturinn til að gera fiskveiðisamninga við önnur ríki; 3) rétturinn til að gera viðskiptasamninga við önnur ríki; 4) rétturinn til að afnema tolla eða leggja á tolla; 5) æðsta dómshald til ESB-dómstólsins o.s.frv. ESB-aðild er þess eðlis að hún útheimtir breytingu á stjórnarskrá Íslands í grundvallaratriðum. Það væru mikil afglöp gagnvart komandi kynslóðum ef við afsöluðum fullveldisréttindum þjóðarinnar í hendur öðru ríki eða ríkjasambandi. Ákvörðun um ESB-aðild má því ekki taka út frá skammtímasjónarmiðum, svo sem aðsteðjandi kreppu eða vandamálum tengdum gengi krónunnar, heldur verður að horfa áratugi fram í tímann og minnst þess að einmitt í krafti sjálfstæðis bætti þjóðin lífskjör sín frá því að vera ein fátækasta þjóð Evrópu í það að verða ein sú ríkasta.

## 2 Nýtt stórríki

Seinustu sex áratugi hefur ESB þróast hratt og fengið öll helstu einkenni nýs stórríkis sem stjórnað er af forseta og ríkisstjórn, þingi og æðsta dómstól og hefur sameiginlega utanríkisstefnu og fiskveiðilögsögu, landamæraeftirlit, stjórnarskrá, fána og þjóðsöng og stefnir að einum gjaldmiðli. Ekkert bendir til þess að þessi þróun sé á enda runnin. Meginmarkmiðið með framsali aðildarríkanna á mikilvægustu þáttum fullveldis síns til miðstjórnarvaldsins í Brussel er að byggja upp nýtt risaveldi sem þjónar innri þörfum Sambandsins, þ.e. þeirra hagsmuna og viðmiða sem þar eru ríkjandi. Réttarstaða aðildarríkanna verður hliðstæð fylkjunum í Bandaríkjunum N-Ameríku sem hafa sjálfstjórn í vissum málaflokkum en búa við skert sjálfstæði og sterkt alríkisvald.

## 3 Völd litlu ríkjanna fara minnkandi

Völd litilla ríkjanna í ESB fara smám saman minnkandi en völd hinna stóru vaxandi. Stefnir er að meirihlutaákvörðunum í stóru auknum mæli með hliðsjón af íbúafjölda aðildarríkanna. Ísland fengi 3 atkvæði af 350 í ráðherraráðum, þar sem mikilvægustu ákvarðanir eru teknar, og 5 atkvæði af 750 á ESB-þinginu. Sjálfstæð rödd Íslands myndi að mestu þagna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Því fámennara og áhrifaminna sem aðildarríki eru þeim mun meiri er skerðing sjálfstæðisins og hvergi yrði sú skerðing jafn tilfínanleg og hér, m.a. vegna þess hve sjávarútvegur vegur þungt í efnahagslífi okkar og orkuauðlindirnar eru miklar og vannýttar. Hætt er við að Ísland verði eins og hreppur á jaðri risaríkis þegar fram líða stundir.

## 4 Samþjöppun valds í ESB er ólýðræðisleg

Í ESB hefur mikið vald færst til embættismanna í Brussel og til ráðherra sem taka veigamestu ákvarðanir. Þingið hefur fyrst og fremst staðfestingar- og eftirlitsvald. Almennir þegnar í aðildarlöndunum hafa því lítil áhrif á þróun mála og

afar dræm kosningaþátttaka til þings ESB sýnir hve framandi og fjarlæggt Brusselvaldið er þeim. Lýðræðishallinn í ESB er ein og sér næg ástæða til að hafna ESB-aðild. Valddreifing er tímans kall en sívaxandi valdasamþjöppun í miðstýrðum stofnunum ESB sem að litlu leyti lúta eftirlitsvaldi kjósenda er tilræði við þróun lýðræðis í Evrópu. Á Íslandi geta kjósendur fellt ríkisstjórn sem þeim líkar ekki við en í ESB hefðu þeir engin áhrif á hverjir yrðu hinir nýju yfirboðarar landsmanna.

## 5 Valdamiðstöðin er fjarlæg

Fjarlægð Íslands frá valdamiðstöðvum ESB og þekkingarleysi embættismanna þar á íslenskum aðstæðum minnr okkur á hve fráleitt er að Íslandi sé stjórnað úr 2000 km fjarlægð. Hætt er við að brýnar ákvarðanir sem varða okkur Íslendinga miklu velkist oft lengi í kerfinu í Brussel og það gæti orðið okkur til mikils skaða, t.d. í sjávarútvegsmálum og á öðrum sviðum auðlindanýtingar. Margar ESB-reglur henta Íslendingum alls ekki vegna smæðar íslensks samfélags og ólíkra aðstæðna í fámennu landi. Skemmst er að minnst ESB/EES-reglanna um bankakerfið og ábyrgð íslenskra skattgreiðenda á glóruleausum rekstri einkabanka á erlendri grund. Það reyndist baneitrað regluverk fyrir smáþjóð eins og Íslendinga. Við þurfum að geta sniðið okkur stakk eftir vexti og valið það sem okkur hæfir best.

## 6 Atvinnuleysið er eitt helsta einkenni ESB

Stórfellt atvinnuleysi er eitt helsta einkenni á atvinnulífi ESB og fylgifyrirkomandi vegna þess hve vinnumarkaður í ESB er þunglamalegur og hefur lítinn sveigjanleika. Atvinnuleysið sem skolið hefur á hér á landi hefur verið daglegt brauð í mörgum ESB-ríkjum undanfarna áratugi. Einnig hafa mikilvægir þættir vinnuréttar flust frá aðildarríkjum til ESB upp á síðkastið samkvæmt dómum ESB-dómstólsins.

## 7 Óhagkvæmt mynsvæði fyrir Ísland

Óhagræðið af sameiginlegri vaxta- og peningastefnu á evrusvæðinu þrátt fyrir mismunandi efnahagsaðstæður í aðildarlöndum ýtir enn frekar undir atvinnuleysi í jaðarríkjunum. Ýmislegt bendir til þess að ESB sé í raun ekki hagkvæmt mynsvæði, hvað þá að svæðið sé hagkvæmt mynsvæði fyrir Ísland. Án þeirrar aðlögunar sem fæst í gegnum gengi krónunnar er víst að Íslendingar yrðu mun lengur að ganga í gegnum hagsveiflur, ekki hvað síst jafn miklar og við búum nú við. Auk þess mun líða langur tími, jafnvel áratugur þar til við uppfyllum Maastrichtskilyrðin og gætum tekið upp evru, ekki síst vegna mikillar skuldsetningar ríkissjóðs eftir að ESB þvingaði okkur til að samþykkja ICESAVE-kostnaðinn.

## 8 Úrslitavald yfir auðlindum

Það er grundvallarregla hjá ESB að stofnanir þess hafa „úrslitavald um varðveislu lífríkis sjávarauðlinda í samræmi við sameiginlegu fiskveiðistefnuna“. Allt tal um að Íslendingar geti fengið varanlega undanþágu frá þessari meginreglu

er ábyrgðarlaus áróður. Mörg aðildarríki hafa sótt það fast en ekkert þeirra fengið annað en tímabundna aðlögun. Lögsaga Íslendinga yfir auðlindum sjávar umhverfis landið er sjö sinnum stærrí en landið sjálft. ESB fengi úrslitavald um hámarksafla sem leyfður yrði, veiðitegundir, veiðisvæði og veiðitíma. Reglum um „hlutfallslegan stöðugleika“ (hliðsjón af veiðireynslu) getur meirihluti ráðherraráðsins breytt þegar henta þykir og er það einmitt nú til umræðu. Rétti komandi kynslóða til fiskimiðanna yrði stefnt í mikla hættu. ESB er að breytast mjög hratt og sú þróun stöðvast ekki þó að Ísland gangi inn. Líklegt er talið að reglur um sjávar- og orkuauðlindir eigi eftir að breytast.

## 9 Hernaðarveldi í uppsiglingu

Í Lissabonsáttmálanum, sem verður ígildi stjórnarskrár ESB, eru heimildir fyrir Evrópusambandsher. ESB gerir ráð fyrir að í framtíðinni þurfi Sambandið að efla hernaðarmátt sinn og áskilnaður er í grein 42. í Sambandsáttmálanum (The Treaty on European Union, TEU) að stofnaður verði her til að gæta hagsmuna ESB, bæði í Evrópu og annars staðar.

## 10 Kvótalaust sjávarþorp?

ESB-aðild útheimtir að opnað sé fyrir fjárfestingu erlendra fyrirtækja í sjávarútvegi. Íslensk útgerð er mjög skuldum vafin og í erfiðu árferði gætu veiðiheimildir auðveldlega safnast á hendur erlendra auðfélaga og arðurinn (virðisaukinn) þannig flust úr landi. Ísland gæti því „breytt í kvótalaust sjávarþorp“, eins og nýlega var bent á.

## 11 Samningsrétturinn glatast

Um þriðjungur af verðmæti sjávarafans fæst úr svonefndum deilistofnum sem flakka úr einni lögsögu í aðra. Hingað til höfum við Íslendingar haft samningsrétt við önnur ríki, svo og ESB, um veiðar úr þessum stofnum. Við ESB-aðild myndum við framselja það vald til yfirstjórnar ESB. Nýjar tegundir bætast við lífríkið í lögsögu Íslendinga með hækkanði hitastigi sjávar, t.d. nú seinast makrill. Ef við hefðum afhent ráðamönnum ESB samningsréttinn og hlýtt boðum þeirra og bönnum væri nær ekkert veitt hér af þessum tegundum, t.d. kolmunna sem skilað hefur tugmilljarða króna virði í þjóðarþúði á hverju ári.

## 12 Þungt högg fyrir landbúnaðinn

Íslenskur landbúnaður veitir okkur öryggi í fæðuframleiðslu af miklum gæðum auk þess sem hann styrkir jöfnuð okkar í viðskiptum við aðrar þjóðir og heldur uppi atvinnu og byggð í landinu. ESB-aðild yrði þungt högg fyrir landbúnaðinn sem sviptur yrði tollvernd. Samdráttur í búvöruframleiðsu myndi valda auknu atvinnuleysi víðs vegar um land í sveitum og þéttbýli sem byggir afkomu sína á framleiðslu landbúnaðarafurða. Eftir hrun fjármálalífsins er nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr að spara gjaldeyri og draga úr atvinnuleysi í stað þess að auka innflutning á kostnað innlendir framleiðslu og hækka heildargreiðslu til atvinnuleysisbóta.w

# Heimssýn um allt land

Í sumar hafa fjögur aðildarfélög Heimssýnar verið stofnuð og stefnt er á áframhald í því starfi nú á komandi vetri. Með félagsdeildum má tryggja aukna virkni og baráttu um allt land. Nú eftir að ríkisstjórnin hefur lagt fram umsókn um aðild ríður á að sem flestir leggist á árar í baráttu fyrir fullveldi og sjálfstæði landsins.

Tuttugu til fimmtíu manns mættu á hvern stofnfund en þeir voru haldnir í júnímánuði. Eftirtaldir deildir hafa verið stofnaðar.

Skagafjarðardeild með fundi í Varmahlíð 9. júní. Þar voru kjörnir í bráðabirgðastjórn Ingi Björn Árnason, Marbæli, formaður, Þórarinn Magnússon, Frostastöðum og Ágúst Guðmundsson, Sauðárkróki. Til vara þeir Gísli Árnason, Sauðárkróki, Árni Gunnarsson, Sauðárkróki og Agnar Gunnarsson, Miklabæ.

Ánessýsludeild með fundi á Þingborg í Hraungerðishreppi 9. júní. Þar voru kjörin í stjórn Eypór Arnalds, bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri í Árborg, Guðni Ágústsson, fv. ráðherra, Selfossi, Þór Hagalín, framkvæmdastjóri, Eyrarbakka, Sigurlaug B. Gröndal, skrifstofumaður, Þorlákshöfn og Axel Þór Kolbeinsson, tölvumaður, Hveragerði.

Eyjafjarðardeild með fundi á Akureyri 13. júní. Þar voru kjörin í stjórn Þorkell Ásgeir Jóhannsson, flugmaður, Ólafur Þ. Jónsson, fv. vitavörður og Baldvin Halldór Sigurðsson, bæjarfulltrúi og veitingamaður.

Borgarfjarðardeild með fundi á Bifröst 13. júní. Þar voru kjörin í stjórn Óðinn Sigþórsson, Einarsnesi, Þórólfur Sveinsson, Ferjubakka, Magnús Þór Hafsteinsson, Akranesi, Ingibjörg Konráðsdóttir, Hýrumel og Guðbrandur Brynjúlfsson á Brúarlundi.



Borgarfjarðarstjórn Heimssýnar, f.v. Óðinn, Þórólfur, Magnús Þór og Ingibjörg en á myndina vantar Guðbrand Brynjúlfsson.